

## Smitvarnir

Nokkur fjölbreytileiki er á milli húsnæðis og umfangs við garðyrkjurækt hér á landi en til að ná árangri í smitvörnum er mikilvæg að innleiða sem flesta þætti þeirra og gæta þess að smitvarnir nái til allra staða framleiðslu. Varúðarráðstafanir, sér í lagi gegn veirum, eru einungis jafn góðar og veikasti hlekkurinn. Í þessum leiðbeiningum eru nefndir þónokkrir þættir, ljóst er að ekki gerist allt yfir nótt og því er mikilvægt að byrja á aðalatriðum en láta ekki deigan síga við innleiðingu minni atriða.

Takmarka þarf fjölda inn- og útganga úr gróðurhúsum eins og auðið er – það einfaldar smitvarnir. Mikilvægt er að tryggja góða aðstöðu fyrir starfsmenn til fataskipta sem ekki er innan ræktunarrýmis og aðstöðu til að þvo þvott á starfsstöð. Gera þarf ráðstafanir við alla innganga í húsnæði og ræktunarrými og koma upp smitvörnum. Taka þarf upp tíð og reglubundin þrif á áhöldum og húsnæði. Svæðaskipta þarf húsnæði og koma upp föstum verkferlum og takmarka samgang. Þeir þættir sem vega mest þegar koma skal upp smitvörnum eru smitgát við innganga, vinnufatnaður, hreinlæti, aðskilnaður rýma, reglubundin þrif áhalda og verkferlar.

Helstu þættir til að takmarka útbreiðslu og verjast smiti eru eftirfarandi:

## Húsnæði

- Fækka inn- og útgöngum eins og hægt og takmarka samgang milli býla
- Sóttvarnarmottur
  - Sóttvarnarmottur við alla innganga sem og innganga í ræktunar- og framleiðslurými
  - Sóttvarnarmottur þurfa að ná þvert fyrir inngang og fylgjast þarf með gæðum sóttþreinsivökva
  - Venjuleg motta fyrir framan sóttvarnarmottur til að takmarka rusl í vökva
  - Setja upp sóttvarnarmottur fyrir kerrur og fylgjast með gæðum sóttþreinsivökva
- Góð aðstaða fyrir handþvott með sápu, handspritti og einnota handþurrkum
- Góð aðstaða til að þrifa áhöld, ílát og annað það er notað er við rekstur
- Aðstaða til þess að þrifa vinnufatnað innan starfsstöðvar
- Forðast opin jarðveg á gólfi í ræktunarrými, nota traustan dúk sé jarðvegur í undirlagi
- Koma upp skipulagi á svæðum og hafa sér áhöld, ílát og vinnufatnað á hverju svæði. Gott er að deila starfsmönnum niður á svæði, ef við á.
- Halda pökkun, flokkun og annarri starfsemi aðskildi frá ræktunarrými
- Sóttþreinsa vökvunarbúnað (odda) ef smit greinist og planta er fjarlægð
- Æskilegt er að þrifa vökvunarbúnað

## Starfsmenn

- Starfsmenn noti þar til gerðan vinnufatnað við störf
- Ef gestir eiga brýnt erindi inn á starfsstöð ættu þeir að klæðast viðeigandi hlífðarfatnaði og þeim kynntar starfsreglur og viðhafa smitgát
- Einnota skóhlífar þegar komið er inn í ræktunarrými
- Hefja dag á vinnu við unglöntur og sinna síðan öðrum hlutum ræktunar
- Sér áhöld (t.d. hnífar & ílát) á hverju svæði og þrifa áhöld á milli raða
- Vinna í sömu átt (t.d. tinsla & afblöðun) – auðveldar kortlagningu sýkingar komi hún upp
- Vinna á sýktum svæðum í lok dags
- Skipta um vinnufatnað, skóhlífar, hanska og áhöld þegar gengið er á milli svæða
- Kynna öllum starfsmönnum og gestkomandi gildandi smitvarnir starfsstöðvar
- Ekki koma með tómatu frá öðrum býlum eða uppruna inn á starfsstöð

- Tæma öll ílát, sorptunnur og fjarlægja blöð og plöntuleifar af göngum í lok dags
- Forðast notkun farsíma nema eftir handþvott – erfitt að þrifa farsíma
- Þrifa tínslukassa reglulega og fara ekki með þá út af starfsstöð
- Þvo áhöld reglulega og ávallt í lok hvers dags með þar til gerðri efnavöru
  - 10% klórlausn
  - Virkon
  - Fitusnauð mjólk (3,5% prótein / ) í lausn (áhöld á milli raða)

## Ílát og vagnar

- Aðskilin ílát og vagna fyrir hvert rými í starfsstöð, sé áhöld og ílát fyrir smitaða hluta starfstöðvar
- Þrifa ílát og vagna reglulega

## Úrgangur

- Takmarka uppsöfnun plöntuleifa og afskurðar
- Koma afskurðum og plöntuleifum í förgun eins fljótt og auðið er
- Takmarka samgang milli sorpsvæða og ræktunar
- Koma tómötum sem ekki eru nothæfir til sölu í förgun fljótt
- Koma upp traustum plastpokum og ílátum fyrir einnota hanska og skóhlífar

## Ef smit greinist

- Ef smit greinist í einstaka plöntum skal fjarlægja þær, og næstu plöntur (3-8 í hvora átt)
- Ef smit greinist í afmörkuðum hluta ræktunar skal sérstök aðgát höfð eftir vinnu í þeim hluta
- Tilkynna verkstjóra um sýktar plöntur strax og gæta að því að smit berist ekki úr þeirri röð
- Ef smit er til staðar skal gætt að smitvörnum til að takmarka útbreiðslu

## Verkferlar og fræðsla

- Kynna starfsfólki einkenni og afleiðingar af veiru og veirungssjúkdómum
- Kynna starfsfólki og öllum þeim er eiga leið um starfsstöð mikilvægi umgengnis- og sóttvarnarregla
- Halda skrá yfir þrif á helstu áhöldum, tækjum og vögnum
- Hengja upp helstu leiðbeiningar og aðvörunarskilti á sýnilega staði
- Halda skrá yfir hvenær skipt er um sóttthreinsivökva í sóttvarnarmottum
- Hafa upplýsingar um efnablöndun aðgengilegar
- Hafa verklag um aðgerðir komi upp smit aðgengilegt